

Sþ.

359. Tillaga til þingsályktunar

[206. mál]

um ráðstöfun viðlagasjóðshúsa.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að sveitarfélögum verði gefinn kostur á því að kaupa innansveitar viðlagasjóðshús á kostnaðarverði, er þau verða auglýst til sölu nú á næstunni, enn fremur, að 80% söliverðsins verði lánað sveitarfélögunum með hagkvæmum kjörum, enda verði húsin nýtt sem elliheimili, sem íbúðir fyrir aldraða og öryrkja eða leigð þeim íbúum viðkomandi sveitarfélags, er hafa ekki efni á að koma sér upp eigin húsnæði.

Greinargerð.

Er hörmungarnar dundu yfir Vestmannaeyjar á síðasta ári og séð varð, að algjör óvissa ríkti um áframhaldandi byggð þar, var þess farið á leit við sveitarfélög víðs vegar um landið, að þau heimiluðu byggingu innfluttra timburhúsa, svo að Vestmanneyingar gætu öðlast varanlegan samastað, þar er þeir helst kysu. 554 hús hafa verið reist eða eru í byggingu á þessum grundvelli. Húsin eru í eftirgreindum 20 sveitarfélögum: Akranesi 10, Akureyri 20, Eyrarbakka 12, Garðahreppi 35, Garði 15, Grindavík 40, Hafnarfirði 10, Hellu 5, Hornafirði 20, Hveragerði 70, Hvolsvelli 5, Keflavík 55, Kópavogi 52, Mosfellshreppi 33, Neskaupstað 8, Reykjavík 40, Sandgerði 10, Selfossi 60, Stokkseyri 12, Þorlákshöfn 42.

Nú hafa aðstæður breyst svo mjög, að nærri helmingur Vestmanneyinga er þegar fluttur til fyrri heimkynna og margir munu flytja í vetur og vor, þ. á m. allmargir, er höfðu húsið eða tryggt sér húsetu í viðlagasjóðshúsum. Þess vegna verða 50—70 þessara húsa auglýst til sölu fljótlega og fleiri síðar. Sveitarfélög munu flest hafa tryggt sér forkaupsrétt að húsunum, en ekki er líklegt, að þau geti eignast húsin, nema verð og lánskjör verði hagstæð.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins segir svo í B-lið 8. gr.: „Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánaðkjörin hin sömu og lánaðkjör Byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita lán út á allt að 1000 íbúðir.“

Þetta heimildarákvæði laganna hefur enn ekki verið notað. Hér virðist tilvalið tækifæri til að beita þessu merka lagaákvæði.

Er bygging húsa var heimiluð, var í sumum tilfellum vikið frá gerðu skipulagi og byggðaaáætlun vegna hinna sérstöku erfiðleika, er þá voru fyrir hendi. Meðal annars með tilliti til þessa er æskilegt, að húsin komist í eigu sveitarfélaganna og verði notuð til þess að uppfylla þarfir á hverjum stað, frekar en að nýir innflytjendur setjist að í þeim án tillits til aðstæðna.